

## Viðskiptaafgangur var 300 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2018 – hrein staða við útlönd jákvæð um 276 ma.kr.

Á fjórða ársfjórðungi 2018 var tæplega 300 m.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd. Halli á vöruskiptajöfnuði var 37 ma.kr. en afgangur á þjónustujöfnuði<sup>1</sup> var 33,4 ma.kr. Frumþáttatekjur skiluðu 10,1 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 6,3 ma.kr. halla (sjá töflu).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fjórða ársfjórðungi 2018 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.<sup>2</sup>

Samkvæmt bráðabirgðayfirlitinu námu erlendar eignir þjóðarbúsins 3.386 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.110 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því jákvæð um 276 ma.kr. eða 9,9% af vergri landsframleiðslu (VLF) og versnaði um 77 ma.kr. eða 2,8% af VLF á fjórðungnum. Hrein fjármagnsviðskipti bættu erlenda stöðu þjóðarbúsins um 41 ma.kr. á fjórðungnum. Erlendar eignir jukust um 13 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta en skuldir lækkuðu um 28 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar höfðu neikvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins um 78 ma.kr. Skýrist það aðallega af tæplega 13% verðlækkunum á erlendum verðbréfamörkuðum á ársfjórðungnum. Aftur á móti var rúmlega 3% lækkun á gengi krónunnar gagnvart helstu gjaldmiðlum miðað við gengisskráningarvog.

---

<sup>1</sup> [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

<sup>2</sup> Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á [www.seðlabanki.is](http://www.seðlabanki.is)

**Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)**

	<u>2017, Q4</u>	<u>2018, Q1</u>	<u>2018, Q2</u>	<u>2018, Q3</u>	<u>2018, Q4</u>
<b>Viðskiptajöfnuður</b>	<b>6,7</b>	<b>6,4</b>	<b>-0,4</b>	<b>75,1</b>	<b>0,3</b>
Vöruskiptajöfnuður	-37,9	-27,2	-48,3	-46,7	-37,0
Þjónustujöfnuður	51,9	36,6	52,0	123,7	33,4
Jöfnuður frumþáttatekna	-1,7	2,2	0,5	4,1	10,1
Rekstrarframlög, nettó	-5,7	-5,1	-4,6	-6,0	-6,3
<b>Jöfnuður fjárframlaga</b>	<b>-0,5</b>	<b>-0,4</b>	<b>-0,4</b>	<b>-0,3</b>	<b>-0,4</b>
<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>-17,0</b>	<b>61,1</b>	<b>-17,5</b>	<b>92,0</b>	<b>40,6</b>
Bein fjárfesting	-17,8	24,3	-19,4	46,4	-0,3
Verðbréf	22,9	-25,4	1,4	23,4	103,3
Afleiður	-0,4	1,8	0,7	2,6	0,0
Önnur fjárfesting	-23,0	70,0	-4,5	19,2	-72,5
Gjaldeyrisforði	1,3	-9,6	4,3	0,4	10,1
<b>Skekkjur og vantalið, nettó</b>	<b>-23,2</b>	<b>55,1</b>	<b>-16,7</b>	<b>17,2</b>	<b>40,7</b>

**Tafla 2. Breyting á erlendra stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)**

	<b>Staða í lok 2018/3</b>	<b>Fjármagns- jöfnuður</b>	<b>Gengis- og verðbreytingar</b>	<b>Aðrar breytingar</b>	<b>Staða í lok 2018/4</b>
<b>Erlendar eignir, alls</b>	<b>3.364</b>	<b>13</b>	<b>6</b>	<b>3</b>	<b>3.386</b>
Bein fjárfesting	701	26	24	-4	747
Verðbréf	1.336	59	-61	0	1.334
Afleiður*	11	0	0	0	11
Önnur fjárfesting	613	-82	19	7	557
Gjaldeyrisforði	703	10	23	0	736
<b>Erlendar skuldir, alls</b>	<b>3.010</b>	<b>-28</b>	<b>84</b>	<b>43</b>	<b>3.110</b>
Bein fjárfesting	1.118	26	31	24	1.198
Verðbréf	1.236	-44	37	15	1.245
Afleiður*	7	0	0	-2	5
Önnur fjárfesting	649	-10	16	6	661
<b>Hrein staða þjóðarbúsins</b>	<b>353</b>	<b>41</b>	<b>-78</b>	<b>-40</b>	<b>276</b>
<b>% af VLF</b>	<b>12,6%</b>	<b>1,4%</b>	<b>-2,8%</b>	<b>-1,4%</b>	<b>9,9%</b>

\*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson hjá gagnasöfnun og upplýsingavinnslu Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.